

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Hagnýt menningarmiðlun

# Heim í Valhöll

*Saga Pjeturs A. Ólafssonar*

Ritgerð til MA-prófs í hagnýtri menningarmiðlun

Sara Elísabet Haynes

Kt.: 230887-2099

Leiðbeinandi: Halla Kristín Einarisdóttir

Maí 2018



## Þakkir

Margir komu að þessu verkefni og ber þeim að þakka. Fyrst vil ég byrja á að þakka mömmu og ömmu fyrir auðsýndan áhuga, aðstoð og vilja til að koma fram í heimildamyndinni. Sögurnar af Patró sem þær sögðu mér í æsku voru kveikjan að þessu verkefni. Fjölskyldu minni og tengdafjölskyldu kann ég bestu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð. Sérstakar þakkir fær mágur minn, Einar Freyr Sigurðsson fyrir yfirlesturinn. Anna Stefanía Einarsdóttir, frænka mín, hefur reynst mér vel í þessu verkefni og kann ég henni bestu þakkir fyrir.

Leiðbeinanda mínum, Höllu Kristínu Einarsdóttur, þakka ég góða leiðsögn og aðstoð. Eins þakka ég Ármanni Hákonni Gunnarssyni og Gretti Sigurjónssyni fyrir tæknilega aðstoð og nytsamleg ráð.

Ég má til með að þakka Borgarskjalasafni Reykjavíkur, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Ljósmyndasafni Skagastrandar fyrir hlýlegt viðmót. Vil ég þakka Guðbrandi Benediktssyni og öðru starfsfólki sem lagði sig fram við að aðstoða mig eins og hægt var. Er ég þeim afar þakklát.

Loks vil ég þakka Gylfa Má Sigurðssyni, unnusta mínum og tilvonandi eiginmanni, fyrir alla aðstoðina, þolinmæðina og stuðninginn í gegnum allt ferlið. Gylfi aðstoðaði mig ekki aðeins með hugmyndavinnu, kvikmyndatökur, heimildaskráningu og uppsetningu á greinargerðinni, heldur hefur hann staðið þétt við bakið á mér og veitt mér óendanlega hvatningu frá upphafi til enda. Ég get alltaf verið viss um að Gylfi sé til staðar fyrir mig í einu og öllu og er þakklæti mér efst í huga. Á meðan verkefnavinnunni stóð eignuðumst við okkar fyrsta barn, Ingvar Orra, sem fagnar tveggja ára afmæli í maí. Honum þakka ég þann skilning og þolinmæði sem hann hefur sýnt mömmu sinni, þrátt fyrir ungan aldur.

Verkefnið tileinka ég ömmu minni, Heru A. Ólafsson.

## Ágrip

Greinargerð þessi er hluti af lokaverkefni til meistaraþráðu í hagnýtri menningarmiðlun í Háskóla Íslands. Var hún unnin samhliða heimildamyndinni *Heim í Valhöll* og greinir frá umfjöllunarefni hennar, auk fræðilegra nálgana á þeim miðlunarleiðum sem notaðar voru við gerð hennar, til dæmis óprentuðum heimildum og ljósmyndum. Einnig er heimildamyndin sem miðlunarleið skoðuð og *Heim í Valhöll* sett í samhengi við hugmyndafræði kvikmyndafræðingsins Bill Nichols. Loks er vinnuferlinu lýst frá upphafi til enda þar sem farið er yfir aðdraganda verkefnisins, rannsóknarvinnu, framkvæmd og eftirvinnslu.

*Heim í Valhöll* segir frá ævi og starfi Pjeturs A. Ólafssonar, en hann var mikill athafnamaður og átti meðal annars stóran þátt í uppbyggingu Patreksfjarðar. Pjetur var langalangafi minn og snýr hluti myndarinnar að mér rannsaka sögu hans, en við móðir mín fórum í leiðangur til Patreksfjarðar og heimsóttum meðal annars ættaróðalið, Valhöll.

## **Abstract**

This thesis is a part of a final project for a MA degree in Applied Studies in Culture and Communication from the University of Iceland. It was done in collaboration with a documentary film called *Heim to Valhöll* (e. *Back to Valhöll*). Besides describing the synopsis of the film, it also examines the different types of media tools that were used in the project to include, for example, primary and personal sources and photographs. It also examines the documentary film as a medium in the context of the theories of Bill Nichols, a professor and a documentary theorist. Finally, the entire production process is described, from ideas and research to procedure and post-production.

The documentary tells the story of the author's great-great-grandfather, Pjetur A. Ólafsson, a pioneer from Patreksfjörður who played a prominent role in establishing a town. The film follows his story, along with a story of a mother and daughter road trip to Patreksfjörður.

# Efnisyfirlit

<b>Verkefnið .....</b>	<b>7</b>
Efniviður .....	7
Persónuleg tengsl höfundar við efnið.....	10
Markmið og rannsóknarspurning .....	11
<b>Miðlun heimilda .....</b>	<b>12</b>
Persónulegar heimildir .....	12
Óprentaðar heimildir .....	13
Ljósmyndir .....	13
<b>Heimildamyndin sem miðlunarleið .....</b>	<b>15</b>
Kenningar Bill Nichols .....	18
<b>Vinnuferli.....</b>	<b>21</b>
Aðdragandi.....	21
Rannsóknarvinna og undirbúningur .....	21
Framkvæmd og upptökur .....	23
Áskoranir, eftirvinnsla og eftirfylgni .....	24
<b>Lokaorð.....</b>	<b>26</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>28</b>
<b>Viðauki .....</b>	<b>30</b>

# Verkefnið

## Efniviður

Pjetur Andreas Ólafsson (1870–1949) var athafnamaður á Patreksfirði sem átti meðal annars stóran þátt í uppbyggingu bæjarins.<sup>1</sup> Saga hans er helsti efniviður myndarinnar *Heim í Valhöll* ásamt hliðarsögu af mæðgum sem leggja í ferð til Patreksfjarðar til að rekja slóðir hans.

Pjetur fæddist hjónunum Ólafi Jónssyni og Valgerði Narfadóttur í Viðvík á Skagaströnd þann 1. maí 1870. Snemma lærði Pjetur lestur, skrift og reikning. Þrettán ára gamall var hann sendur til Eskifjarðar til föðursystur sinnar, Ragnheiðar Jónsdóttur, og eiginmanns hennar, Friðriks Möller verslunarstjóra. Þau gengu Pjetri í foreldrastað og kynntu honum verslunarstörfin, en Pjetur fór í kjölfarið í verslunarnám til Kaupmannahafnar haustið 1890. Tæpum áratug síðar hóf Pjetur störf hjá félaginu Islands Handels og Fiskeri Kompagni (IHF) eftir að hafa sinnt ýmsum verslunarstörfum og viðskiptaerindum fyrir kaupmanninn Björn Sigurðsson í Flatey, en sá var einn af stofnendum IHF. Í grein sem birtist í tímaritinu *Vísbinding* segir að á fyrsta áratug 20. aldar hafi ríkt mikið efnahagsfrelsi í fjárfestingum sem leiddi til þess að fyrirtæki spruttu upp en hurfu svo jafnharðan. Þar segir:

Islands Handels og Fiskeri Kompagni (IHF) var stofnað 1898 fyrir forgöngu Björns Sigurðssonar í Flatey. Var það enn ein tilraunin til að ávaxta danskt fé á Íslandi. Á Geirseyri stóð það fyrir bryggjasmíð, reitagerð, smíði fiskhúss, íshúss og vélaverkstæðis og ístjarnagerð. Fiskifloti þess komst upp í 14 skip alls, flest kúttarar með 16-22 manna áhöfn, auk skipa í förum á milli landa og gufubátsins Diönu. Árið 1906 var IHF svo selt Pétri A. Ólafssyni verslunarstjóra. Var þetta eitt af fáum tilfellum, þar sem athafnir hinna erlendu aðila komu íslenskum athafnamönnum til góða.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Sjálfur skrifaði Pjetur nafnið sitt með joði og því fær það að halda sér í greinargerðinni. Hins vegar er nafnið ritað á nútímalegri hátt þegar vísað er í fræðigreinar, þar er nafnið Pétur iðulega ritað án joðsins.

<sup>2</sup> Benedikt Jóhannesson, Eyþór Ívar Jónsson, Ólafur Hannibalsson og Sigurður Jóhannesson, „Glefsur úr viðskiptasögu Íslands“, *Vísbinding* 18:51 (2000), bls. 30.

IHF stóð fyrir miklum endurbótum og uppbyggingu á Patreksfirði og víðar. Um 3-400 manns störfuðu hjá IHF á Patreksfirði þegar mest lét en með hækkandi íbúafjölda var þörf á sjúkrahúsi og réðst félagið í fjármögnun þess upp úr aldamótum 1900. Pjetur hafði umsjón með framkvæmd og byggingu sjúkrahússins, sem í daglegu tali er kallað Gamli spítalinn, en húsið var afhent Vestur–Barðastrandarsýslu að gjöf.<sup>3</sup> Í franskri grein um íslensk sjúkrahús sem gefin var út árið 1903 er talað um að teikningar af húsinu hafi verið fengnar frá stjórnandanum, Hr. Ólafssyni, og að hann hafi verið einn helsti velunnari staðarins.<sup>4</sup> IHF rak einnig verslun sem kölluð var Geirseyrarverslun. Hún var í eigu Björns Sigurðssonar en þar hélt Pjetur um stjórnvölinn ásamt öðrum verslunarstöðum Björns.<sup>5</sup> Sem dæmi var fyrsta verslunin á Tálknafirði rekin í samstarfi við Pjetur árið 1907.<sup>6</sup>

IHF var með þeim fyrstu á Íslandi til að hefja togaraútgerð en líkt og hjá öðrum sem reyndu það fyrir sér gekk það heldur erfiðlega í fyrstu. Togarinn Thor var keyptur til landsins árið 1899 en var svo seldur til Danmerkur tveimur árum síðar. Vert er að nefna að togarinn kom aftur til landsins um tuttugu árum síðar, var nefndur Þór og varð fyrsta varðskip Landhelgisgæslu Íslands.<sup>7</sup> Á síðustu árum IHF annaðist Pjetur umsjón og eftirlit með öllum stöðvum þess hér á landi en þegar félagið hætti árið 1905 keypti Pjetur allar eignir þess á Patreksfirði ásamt skipum og rak IHF í um áratug.<sup>8</sup> Hann var stórtækur maður og lét mikið til sín taka í ýmsum framkvæmdum. Hann lagði meðal annars raf- og vatnsveitu og reisti nýstárlegt fiskþurrkunarhús. Pjetur keypti togarann Eggert Ólafsson árið 1911 en hann var fyrsti togarinn sem gerður var út utan Reykjavíkursvæðisins og um leið sá fyrsti í einkaeign.<sup>9</sup> Auk þess átti hann skútur, vélbáta og gufuknúna skipið Kóp, sem var fyrsta og eina selveiðiskipið hér á landi.<sup>10</sup> Pjetur festi kaup á hvalveiðistöð á Suðureyri við Tálknafjörð árið 1914 en þar sem hvalveiðar voru bannaðar á þessu tímabili ætlaði

---

<sup>3</sup> *Íslendingur* 35: 20 (1949), bls. 1.

<sup>4</sup> Dr. Fallier, „Établissements Hospitaliers en Islande“, bls. 161-175.

<sup>5</sup> Sigurður Pétursson, *Vindur í seglum* 1, bls. 387-388.

<sup>6</sup> Sigurður Pétursson, *Vindur í seglum* 2, bls. 146.

<sup>7</sup> Sigurður Pétursson, *Vindur í seglum* 1, bls. 388.

<sup>8</sup> Guðjón Friðriksson, *Þeir settu svip á öldina*, bls. 212.

<sup>9</sup> Guðjón Friðriksson, *Þeir settu svip á öldina*, bls. 213.

<sup>10</sup> *Morgunblaðið* 30. desember 1998, bls. B3.



Pjetur að nota stöðina fyrir selveiðar. Það var svo ekki fyrr en 1935 að hann fékk einkaleyfi fyrir hvalveiðum hér á landi að hvalveiðistöðin var notuð sem slík.<sup>11</sup>

Sagnfræðingurinn Sigurður Pétursson segir að svo virtist sem allt yrði að gulli í höndum Pjeturs, að útgerð hans og verslun hafi skilað miklum gróða og hann hafi um tíma verið með auðugustu mönnum landsins. Þá hafi öll útgerð lagst í dvala á Geirseyri eftir að Pjetur hætti atvinnurekstri þar árið 1931.<sup>12</sup> Það er nokkuð ljóst að Pjetur sat ekki auðum höndum en einnig var hann mjög nýjungagjarn. Í bókinni *Þeir settu svip á öldina* segir Guðjón Friðriksson:

Eins og áður sagði var Pétur opinn fyrir öllum framförum og beitti sér fyrir margs konar tækninýjungum sem þá voru rétt að byrja að ryðja sér til rúms á Íslandi. Hann stóð fyrir því að talsími var lagður milli helstu húsa á Patreksfirði árið 1903, ári áður en bæjarsíminn í Reykjavík kom, og árið 1911 lét hann gera vatnsaflstöð til rafhýsingar á staðnum og var það ein af fyrstu rafstöðvum landsins. Hann lét og leiða vatn í hús sín og hafði vatnssalerni og sturtubað í íbúðarhúsi sínu sem þá þótti mikil nýjung.<sup>13</sup>

Yfir ævina starfaði Pjetur sem útgerðarmaður, kaupmaður og konsúll. Hann sinnti verslunarstörfum til ársins 1931 en þá tók Aðalsteinn, sonur hans, við rekstrinum. Pjetur sat í ýmsum nefndum og var meðal annars í stjórn Flugfélags Íslands, Eimskipafélags Íslands og Kaupmannafélags Íslands. Á seinni árum var hann bæði norskur konsúll á Patreksfirði og brasilískur konsúll í Reykjavík, fékkst við síldarútgerð og hvalveiðar auk þess sem hann ferðaðist víða um heiminn í viðskiptaerindum eða í erindum fyrir ríkisstjórnina.<sup>14</sup> Óhætt er að segja að ævi Pjeturs hafi einkennst af þrautseigju, krafti, framtakssemi og ævintýrum.

Þegar Pjetur var um tvítugt trúlofaðist hann Maríu Kristínu Arnesen Ísaksdóttur frá Kolfreyjustað á Fáskrúðsfirði. Þau urðu ástfangin um borð í skipsferðinni frá Eskifirði til Reykjavíkur þegar Pjetur var á leið til Kaupmannahafnar í verslunarnámið, en María var þá á leið í Kvennaskólann í Reykjavík. Þau voru í fjarbúð í fyrstu og giftu

<sup>11</sup> Pjetur A. Ólafsson, *Endurminningar*, bls. 145.

<sup>12</sup> Sigurður Pétursson, *Vindur í seglum* 1, bls. 401.

<sup>13</sup> Guðjón Friðriksson, *Þeir settu svip á öldina*, bls. 214.

<sup>14</sup> Guðjón Friðriksson, *Þeir settu svip á öldina*, bls. 214-215.

sig tæpum sex árum síðar, þann 1. ágúst 1896. Pjetur segir í endurminningum sínum að biðin hafi verið löng, en honum hafi þótt fjarstæða að giftast og hrúga niður börnum á meðan þau hefðu ekki sæmilega aðstöðu til fjölskyldulífs, því ástin sé ekki einhlít og hjónabandi geti fylgt kvaðir og ábyrgð ef vel á að fara.<sup>15</sup> Pjetur og María eignuðust sex börn og áttu þar að auki tvö fósturbörn. Börnin ólu þau upp í Flatey, á Patreksfirði og í Reykjavík en á seinni árum fluttu hjónin til Akureyrar og dvöldu þar til æviloka. Bæði lifðu þau fram á áttæðisaldur, María var 73 ára þegar hún lést þann 13. mars 1942 og Pjetur var 79 ára þegar hann lést sjö árum síðar, 11. maí 1949.

Eins og áður sagði höfðu þau hjónin búsetu í Reykjavík, á Patreksfirði og á Akureyri. Það var á þessum stöðum sem þau áttu hús sem öll voru kölluð Valhöll, og er titill myndarinnar vísun í það. Myndin fléttar saman nokkuð formlegri frásögn af ævi Pjeturs og heldur óformlegri frásögn af pílgrímsferð mæðgna á söguslóðir fjölskyldunnar á Patreksfirði.

### **Persónuleg tengsl höfundar við efnið**

Pjetur var langlangafi minn. Sonur hans, Aðalsteinn Ólafsson, var kvæntur Stefaníu Erlendsdóttur og eignuðust þau Heru A. Ólafsson, ömmu mína í móðurætt.

Amma er fædd þann 5. janúar 1933 en foreldrar hennar tóku við Valhöll þegar Pjetur og Maríu fluttu norður á Akureyri á seinni árum. Amma ólst því upp á óðalsetri fjölskyldunnar og á margar minningar frá þeim tíma en hún er nú ein eftirlifandi af systkinum sínum og þar af leiðandi sú eina sem man eftir Pjetri, afa sínum.

Persónuleg tengsl höfundar við verk fela bæði í sér kosti og galla. Við rannsókn, undirbúning og framkvæmd verkefnisins var kostur að þekkja umhverfi og viðmælendur. Þannig fékk ég greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum sem til eru innan fjölskyldunnar, auk þess sem viðmælendur þekkja mig og voru því fúsir til að koma í viðtal. Á móti kemur að höfundur gæti séð það sem skyldu sína að viðfangsefni og viðmælendur komi vel út, viðmælendur ætlast mögulega til þess af höfundi og treysta honum. Því gæti það reynst höfundi erfitt, jafnvel ómögulegt, að sýna algert hlutleysi. Þá er einnig hætt við að rannsakandi forðist ákveðin efnistösk

---

<sup>15</sup> Pjetur A. Ólafsson, Endurminningar, bls. 75.

Þegar persónuleg tengsl eru í húfi. Við vinnslu myndarinnar var ég meðvituð um þetta og reyndi eftir bestu getu að segja sögu Pjeturs byggða á heimildum og raunverulegri upplifun viðmælenda. Auk þess er hluti myndarinnar mín eigin upplifun á leiðangrinum vestur svo sjónarmið mín koma ósjálfrátt fram að einhverju leyti.

### **Markmið og rannsóknarspurning**

Fyrir nokkrum árum varð mér ljóst að til væru ótal skjöl, bækur og ljósmyndir frá Pjetri og fann ég að mig langaði einn daginn að vinna með þær heimildir. Mig langaði að rannsaka heimildirnar, miðla þeim áfram og varðveita með einhverjum hætti. Þannig myndi ég heiðra minningu langalangafa míns um leið og ég gæti fræðst betur um sögu fjölskyldu minnar. Einnig þótti mér mikilvægt að skrásetja þær upplýsingar sem amma býr yfir, enda er hún ein eftirlifandi systkina sinna eins og áður kom fram. Frá því að ég var lítil hef ég alltaf hugsað um Valhöll sem nokkurs konar veröld, fremur en hús, enda heyrst margar sögur þaðan. Því þótti mér álíka spennandi að skoða húsið eins og að fara vestur á Patreksfjörð.

Að því sögðu er rannsóknarspurning mín tvíþætt: Hver var langalangafi minn, Pjetur A. Ólafsson, og hvað er það við Valhöll sem situr svo fast í minningu fjölskyldu minnar?

## Miðlun heimilda

### Persónulegar heimildir

Verkefnið byggir að miklu leyti á afar persónulegum heimildum á borð við skjöl, reikninga, vegabréf og dagbækur. Dagbækur eru mögulega eins persónulegar og heimildir geta orðið og því vakna spurningar um siðferði og réttmæti þess að opinbera þær. Hér er til dæmis átt við það hvort einhver yfirhöfuð rétt á birtingu slíkra heimilda, jafnvel þótt höfundur hafi fallið frá fyrir tæpum sjötíu árum.

Ætla má að Pjetur hafi gert ráð fyrir því að skrif hans gætu komið að gagni sem heimildir fyrir komandi kynslóðir, hann virðist í það minnsta ekki mótfallinn þeirri hugmynd. Hann ritaði heilu bækurnar af ítarlegum upplýsingum, bæði persónulegum og almennum, sem gefa mikla innsýn í daglegt líf fólks í kringum aldamótin 1900. Þetta hefur verið gífurlega mikil vinna fyrir Pjetur, svo ætla má að það hafi eflaust verið markmið hans að hægt yrði að miðla þessum upplýsingum áfram síðar, enda hugsjónamaður mikill. Á áttæðisaldri hófst Pjetur handa við að rita endurminningar sínar og minnst þar á tilgang skrifanna, en bókina náði hann ekki að klára. Afi minn, Ingvar Guðmundsson, og móðurbróður minn, Pétur Aðalsteinn Ingvarsson, tóku endurminningarnar saman og færðu yfir á tölvutækt form árið 2001. Í formála ritar Pétur frændi eftirfarandi:

Pétur A. Ólafsson byrjaði að skrifa handrit þessarar sjálfsævisögu sinnar árið 1943 á sjötugasta og þriðja aldursári, alls 205 handskrifaðar blaðsíður. Ætlunin var að skipta bókinni í fimm til sex kafla, en því miður tókst honum ekki að ljúka við fleiri en fyrstu þrjá kafla hennar. Bókin er rituð af mikilli vandvirkni með fágæðri rithönd og inn í hana eru límdar ljósmyndir, sem sumar hverjar eru farnar að láta á sjá. Ekki voru gerðar neinar breytingar á textanum, svo heitið geti og stafsetning hennar var látin halda sér að mestu leyti. Pétur segir sjálfur í inngangi bókarinnar, að hún sé enginn sögulegur viðburður, heldur þurrar, ókryddaðar staðreyndir, sem aðallega séu ætlaðar honum sjálfum og fjölskyldu hans til að glugga í. Ekki verður lagt mat á það hér, en ljóst er að bókin er merkilegt

heimildarit um mikinn athafnamann og samtímamenn hans og hefur að geyma fjársjóð upplýsinga um lifnaðarhætti Íslendinga um aldamótin síðustu.<sup>16</sup>

## Óprentaðar heimildir

Í bókum og skjölum Pjeturs er að finna allt frá nákvæmum lýsingum á náttúru, umhverfi og lifnaðarháttum fólks til kílóverðs á kaffi og alls kyns munaðar- og nytjavörum. Hann skildi eftir sig nákvæma reikninga um innkaup og skuldir, samninga sem hann gerði við fólk og teikningar af landsvæðum, húsum og hvalveiðistöð. Hann skráði upplýsingar um öll sín ferðalög og í dagbókunum skráði hann svo árlega upplýsingar um sjálfan sig, svo sem hæð, þyngd og hattastærð, ásamt daglegum upplýsingum um veðurfar og annað sem honum þótti fréttæmt hverju sinni.

## Ljósmyndir

Íslendingar kynntust ljósmyndinni sem miðlunarleið á 19. öld en Inga Lára Baldvinsdóttir segir í grein sinni „Svipmyndir af landi og þjóð: Myndefni 1750–2000“ að það hafi verið um 1860 þegar Íslendingar náðu að tileinka sér þessa „nýju tækni“, þrátt fyrir að nokkrir hafi fengist við ljósmyndum fyrir þann tíma. Hún segir að þótt ljósmyndir hafi verið dýrar hafi framleiðsla þeirra þó verið einfaldari, fljótlegri og ódýrari en gerð málaðra eða teiknaðra mynda. Þá segir hún að ljósmyndin hafi fljótt orðið að menningarfyrirbæri á Íslandi en á 19. öld hafi þeir sem stunduðu ljósmyndun verið innan við fimmtíu talsins.<sup>17</sup> Ljósmyndirnar sem Pjetur skildi eftir sig ná aftur til aldamóta 1900, en elstu myndirnar sem skráðar eru hjá Ljósmyndasafni Íslands eru frá árinu 1904 og hefur hann því tekið þátt í uppgangsárum ljósmyndunar á Íslandi. Inga Lára segir einmitt að árin í kringum aldamótin 1900 hafi verið mikill blómatími í ljósmyndun og myndirnar hafi einnig fengið fjölbreyttari vettvang, til dæmis með gerð póstkorta.<sup>18</sup> Pjetur lét prenta slík póstkort en þau prýddu ýmsar myndir frá Patreksfirði. Á þeim mátti meðal annars sjá myndir sem teknar voru í kirkjunni á Patreksfirði og heimili hans, Valhöll.

<sup>16</sup> Pétur Aðalsteinn Ingvarsson, Pjetur A. Ólafsson Endurminningar – formáli.

<sup>17</sup> Inga Lára Baldvinsdóttir, „Svipmyndir af landi og þjóð: Myndefni 1750–2000“, bls. 315-316.

<sup>18</sup> Inga Lára Baldvinsdóttir, „Svipmyndir af landi og þjóð: Myndefni 1750–2000“, bls. 318.

Ljósmyndir Pjeturs eru í hundraðatali og eru nú varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, en megnið af þeim má finna á vefsíðu safnsins.<sup>19</sup> Þær gefa okkur mikla innsýn í umhverfi og samfélag á þessum tíma og eru óneitanlega mikilvægar heimildir, ekki aðeins fyrir fjölskyldu mína heldur einnig fyrir íslensku þjóðina. Myndirnar sýna fjölskyldulíf og heimilishætti, atvinnulíf og náttúru. Inga Lára útskýrir vel mikilvægi ljósmynda sem heimilda þegar hún segir: „Allar ljósmyndir sem sýna umhverfi, húsakost, skip eða náttúru hjálpa okkur við að öðlast mynd af íslensku samfélagi og gera okkur í hugarlund aðstæður og aðbúnað þess tíma.“<sup>20</sup>

---

<sup>19</sup> Vef. Myndir Pjeturs A. Ólafssonar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

<sup>20</sup> Inga Lára Baldvinsdóttir, „Svipmyndir af landi og þjóð: Myndefni 1750–2000“, bls. 316.

## Heimildamyndin sem miðlunarleið

Snemma á 20. öld kom út þögul kvikmynd, *Nanook of the North* (Robert Flaherty, 1922), sem talin er fyrsta hefðbundna heimildamyndin í fullri lengd.<sup>21</sup> Myndin fjallar um daglegt líf og erfiði ínúitafjölskyldu norðarlega í Kanada og átti meðal annars að sýna hvernig aðalpersónan, Nanook, og fjölskylda hans lifa af í hættulegum aðstæðum með því að veiða sér til matar og byggja snjóhús. Myndin vakti athygli vegna þess hve líf Nanook og fjölskyldu hans þótti gjörólíkt hefðbundnu fjölskyldulífi í vestrænu samfélagi á þeim tíma. Sannleikurinn var hins vegar sá að Flaherty leikstýrði Nanook (sem hét í raun Allakariallak) og fjölskyldu hans og sviðsetti atriði, til dæmis hættulegar selveiðar með spjóti sem ekki voru stundaðar lengur, til að ýkja frumstæðan veruleikann.<sup>22</sup> En leikstjórinn fékk lof um allan heim og hafði myndin gífurleg áhrif á kvikmyndasöguna, því þrátt fyrir að Flaherty hefði skreytt sannleikann með sviðsetningu og eftirvinnslu, þá tókst honum þó að koma ákveðnum upplýsingum um persónur og félagslegar aðstæður þeirra til skila til áhorfenda. Heimildamyndin var komin til að vera. Lewis Jacob segir í bók sinni, *The Documentary Tradition*, að þetta sé einmitt grunnhugmynd heimildamynda eins og við þekkjum þær enn í dag, að hægt sé að greina þær frá hefðbundnum leiknum kvikmyndum að því leyti að þær hafi einhvern félagslegan tilgang og sýni alvöru fólk í alvöru aðstæðum.<sup>23</sup> Aðrir telja að lítil munur sé á heimildamyndum og leiknum myndum þar sem heimildamyndir séu alltaf leiknar á einhvern hátt og leiknar myndir séu alltaf byggðar á einhverjum heimildum. Í bók sinni, *Theorizing Documentary*, útskýrir Michael Renov þessa kenningu á eftirfarandi hátt: „With regard to the complex relations between fiction and documentary, it might be said that two domains *inhabit* one another.“<sup>24</sup> Með öðrum orðum að leikna kvikmyndin og heimildamyndin haldist alltaf í hendur á einhvern órjúfanlegan hátt.

Bill Nichols, sem er meðal þekktustu kvikmyndafræðinga samtímans, segir í bók sinni, *Introduction to Documentary*, að persónur í heimildamyndum séu í rauninni að „leika“ sjálfar sig. Munurinn á þeim og persónum í leikinni mynd sé að persónan í

<sup>21</sup> *The Documentary Tradition*, bls. 7.

<sup>22</sup> *Documenting the Documentary*, bls. 24-25.

<sup>23</sup> *The Documentary Tradition*, bls. 2 og 8-9.

<sup>24</sup> *Theorizing Documentary*, bls. 3.

heimildamyndinni hafi ekki hlotið leikræna þjálfun, heldur aðeins þjálfun í því að vera þátttakandi í hversdagslegu lífi í samfélaginu, og hafi mótast eftir því.<sup>25</sup>

Þarna tvinnast saman kostir og gallar heimildamyndarinnar. Þetta sívinsæla form miðlunar getur verið upplýsandi, haft skemmtanagildi eða afhjúpað ýmis málefni, en á sama tíma getur áhorfandinn í raun aldrei gert ráð fyrir algjöru hlutleysi leikstjórans. Það er undir honum komið hvernig hann vinnur myndefnið og miðlar til áhorfenda. Þannig gætu tveir leikstjórar fjallað um sama málefni en fengið út tvær mjög ólíkar heimildamyndir og því er það einnig áhorfandans að gera upp við sig hvernig hann túlkar það sem fyrir augu ber. Samt sem áður þyrstir okkur áhorfendur í upplýsingflæðið og má því velta fyrir sér hvað það sé sem heilli svo mikið við heimildamyndina. Nichols bendir á að frásagnarhátturinn sem notaður er í kvikmyndum á borð við *Forrest Gump* (Robert Zemeckis, 1994), *The Truman Show* (Peter Weir, 1998), *The Blair Witch Project* (Daniel Myrick, Eduardo Sánchez, 1999) og *The Road to Guantanamo* (Mat Whitecross, Michael Winterbottom, 2006), byggi á undirliggjandi forsendu heimildamynda, að við sem áhorfendur heillumst af því að fylgjast með fólki sem virðist tilheyra sama heimi og við sjálf.<sup>26</sup> Með öðrum orðum, við samsömum okkur því sem við sjáum í heimildamyndinni og það getur vakið upp tilfinningar. Kvikmyndafræðingurinn Laura Mulvey ræðir þessa samsömun í tímamótagein sinni, „Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin“, þar sem hún rannsakar upplifun áhorfenda með hliðsjón af sálfræðigreiningum Jacques Lacan. Eins og segir í lokaritgerð minni til BA-gráðu í kvikmyndafræði:

Mulvey vitnar í kenningu Lacan um ferlið sem á sér stað þegar barn ber kennsl á eigin spegilmynd, að það sé afgerandi fyrir myndun sjálfsins. Staðfestingarferli sjálfsins stafar af samsömun við hina sýnilegu ímynd. Þetta minnir á samsömunarferli sem á sér stað hjá áhorfanda þegar hann horfir á ímyndir bíótjaldsins. Loks segir Mulvey að myrkvaður bíosalurinn og ljósadýrð bíótjaldsins ýti undir blekkinguna að áhorfandinn sé að gægjast inn í einkaheim ókunnra persóna en frásagnarhefð kvikmynda styður einnig þá upplifun.

---

<sup>25</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. 8–9.

<sup>26</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. xii.



Þannig hrífur myndin áhorfandann svo hann gleymir um stund sjálfi sínu, um leið og hann nærir það.<sup>27</sup>

Ætla má að þetta sé einmitt ástæðan fyrir því að ég sjálf, eins og margir aðrir, hef alltaf verið mjög áhugasöm um heimildamyndir. Því taldi ég þetta form miðlunar henta verkefni mínu afar vel, auk þess sem auðvelt er að sameina önnur miðlunarform í eina heimildamynd, form á borð við ljósmyndir, munnlegar frásagnir og hreyfimyndir. Einnig hefur heimildamyndin þann eiginleika að varðveita heimildir sem annars myndu jafnvel glatast með tímanum og því taldi ég þetta form miðlunar henta verkefni mínu afar vel, enda vildi ég fyrst og fremst varðveita sögu Pjeturs áður en hún hverfur í tímans rás.

Frá því að kvikmyndin um Nanook og fjölskyldu hans kom út árið 1922 hélt heimildamyndin sem slík áfram að þróast og var til að mynda viðurkennd sem verðlaunaflokkur á Óskarsverðlaunahátíðinni tuttugu árum síðar.<sup>28</sup> Kvikmyndafræðingar hafa keppt við að skilgreina og flokka heimildamyndina en eins og áður kom fram er hugtakið torvelt, sem gerir skilgreiningarferlið enn flóknara. Í grein sinni: „Í frumskógi greinanna: Kostir og vandamál greinafræðinnar“, fjallar bókmenntafræðingurinn Guðni Elísson um þá erfiðleika sem geta fylgt í kjölfar skilgreininga innan kvikmyndafræðinnar. Rétt eins og með aðrar kvikmyndagreinar er nánast ómögulegt að skipta heimildamyndum niður í flokka og skilgreina svo út frá tilgreindum flokki. Tvær heimildamyndir gætu eflaust fjallað um sama málefnið en gert það á mjög ólíkan hátt ef litið er til frásagnarháttar eða kvikmyndaforms til dæmis. Eins og Guðni bendir á eru kvikmyndagreinar „... ekki stöðugar og óumbreytanlegar, heldur söguleg fyrirbæri sem taka breytingum.“<sup>29</sup> Bill Nichols er einn þeirra kvikmyndafræðinga sem tekist hefur vel til við að skilgreina heimildamyndina. Hann hefur gefið út fjöldann allan af bókum og fræðigreinum tengdum heimildamyndum en er einna þekktastur fyrir kenningar sínar um hvernig flokka megi heimildamyndir innan ákveðins greiningarramma. Farið verður nánar í kenningar Nichols í næsta kafla og *Heim í Valhöll* sett í samhengi við þær.

---

<sup>27</sup> Laura Mulvey, „Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin“, bls. 332-334; Sara Elísabet Haynes, „Kvenhetjur Quentin Tarantino: Birtingarmyndir kvenna í kvikmyndum leikstjórans“, bls. 4.

<sup>28</sup> Vef. Saga Óskarsverðlauna.

<sup>29</sup> Guðni Elísson, „Í frumskógi greinanna: Kostir og vandamál greinafræðinnar“, bls. 14.

## Kenningar Bill Nichols

Í áðurnefndri bók, *Introduction to Documentary*, telur Nichols upp sex flokka sem nýta má sem grófan ramma til greiningar á framsetningu viðfangsefnis í heimildamyndum. Hér verða þeim gerð skil í grófum dráttum:

- **Ljóðrænar myndir** (e. *poetic mode*): Hér ríkir listræn, persónuleg og jafnvel tilraunakennd framsetning á viðfangsefninu þar sem áhersla er meðal annars lögð á form, liti, tónlist, hljóð og takt. Einnig er tímalínan gjarnan á flakki þar sem myndin er klippt á óhefðbundinn hátt, sem ýtir undir frumlega framsetningu á tíma og rúmi. Markmið ljóðrænnar framsetningar er að varpa ljósi á ákveðin efnisatriði í myndinni sem annars væru fyrirferðarminni.<sup>30</sup>
- **Skýringarmyndir** (e. *expository mode*): Eitt algengasta form heimildamynda þar sem alvitur sögumaður, eins konar rödd guðs, er í fyrirrúmi og talar beint til áhorfenda. Hann hljómar þá gjarnan líkt og hann lesi texta upp úr fræðibók, en hlutverk hans er að lýsa atburðarás myndarinnar og upplýsa þannig áhorfendur um viðfangsefnið.<sup>31</sup>
- **Könnunarmyndir** (e. *observational mode*): Hversdagslegt eða hrátt viðfangsefni er fangað með ósýnilegri myndavél og kvikmyndagerðarmaðurinn gæti allt eins verið fluga á vegg að fylgjast með. Hér er algjört hlutleysi haft að leiðarljósi; engin inngríp, enginn sögumaður né viðtöl. Hvergi er að finna skýringartexta, tónlist eða neitt slíkt sem gæti mögulega haft áhrif á framvindu atburðarásarinnar.<sup>32</sup>
- **Gagnvirkar myndir** (e. *participatory mode*): Hér er kvikmyndagerðarmaðurinn fremur sýnilegur, ólíkt könnunarmyndinni, og tekur mjög virkan þátt í framvindu atburðarásarinnar. Framvindan er því háð aðstæðum hverju sinni og er frásagnarformið og myndmálið oftast nær

---

<sup>30</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. 162-166.

<sup>31</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. 167-171.

<sup>32</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. 172-179.

raunsætt. Segja má að myndin sé saga sem þróast frá upphafi til enda en þungamiðjan er tenging kvikmyndagerðarmannsins við viðfangsefnið.<sup>33</sup>

- **Sjálhverfar myndir** (e. *reflexive mode*): Kjarninn í sjálhverju myndunum felst í því að hvetja áhorfendur til að vera meðvitaðir um ferlið sjálft sem felst í gerð heimildamyndar, að framsetning efnis geti verið allavega. Því ættu áhorfendur að taka öllu sem þeir sjá með fyrirvara, bæði viðfangsefninu sjálfu og eins hvernig það er sett fram.<sup>34</sup>
- **Gjörningamyndin** (e. *performative mode*): Í gjörningamyndum er ljóðræn framsetning ríkjandi og því velt upp hvort áhorfendur, sem hafa mismunandi bakgrunn og lífreynslu, geti yfirhöfuð haft fullan skilning á viðfangsefninu. Gengið er út frá því að skilningur sé breytilegur eftir fólki og þannig geti til dæmis ákveðið efnisatriði haft mismunandi þýðingu fyrir áhorfendur. Þá eru viðfangsefni gjörningamynda gjarnan tengd minnihlutahópum samfélagsins og ætlunin er að kalla fram tilfinningar í áhorfendum.<sup>35</sup>

Flokkarnir sex eru ólíkir og alls ekki tæmandi fyrir allar gerðir heimildamynda, en sjálfur segir Nichols að ein heimildamynd geti tilheyrð tveimur eða fleiri flokkum í einu. Hann segir að hafa þurfi hugfast að einn flokkur segi ekki nákvæmlega til um viðfangsefni né framsetningu viðkomandi heimildamyndar, heldur séu flokkarnir frekar hugsaðir sem tól sem nýta má til að staðsetja heimildamyndir innan fræðanna eða til að setja þær í sögulegt samhengi.<sup>36</sup>

Heimildamyndin *Heim í Valhöll* fellur undir tvo flokka í greiningarramma Nichols, hún er annars vegar skýringarmynd og hins vegar gagnvirk. Hún er skýringarmynd að því leyti að hluti myndarinnar er byggður á frásögn sögumanns sem sést ekki. Hann talar beint til áhorfenda og segir sögu Pjeturs, til dæmis hvar hann fæddist, hverra manna hann var og lýsir því sem sýnt er hverju sinni. Myndin ber þó enn sterkari einkenni gagnvirku myndarinnar þar sem mjög stór hluti hennar snýr að minni eigin upplifun þar sem ég sem kvikmyndagerðarmaður er sýnileg í mynd, og þungamiðjan

<sup>33</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. 179-194.

<sup>34</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. 194-199.

<sup>35</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. 199-209.

<sup>36</sup> Bill Nichols, *Introduction to Documentary*, bls. 158 og 209.

er einmitt tenging mín við viðfangefnið, Pjetur. Leiðangurinn til Patreksfjarðar bauð upp á raunverulegar aðstæður, til dæmis vissi ég ekki alltaf að ég væri í mynd. Einnig fá áhorfendur að nokkru leyti að taka þátt í leiðangrinum með mér, þeir sjá nokkurn veginn það sama og ég. Oft gat ég ekki vitað fyrir fram hvernig atburðarásin myndi þróast og var framvindan gjarnan háð mínum viðbrögðum eða þeim ákvörðunum sem ég tók hverju sinni. Þar að auki hafði ég aðeins hluta af upplýsingum um viðfangsefnið í höndunum og var því meðvituð um að framvindan myndi að miklu leyti ráðast af sjálfri sér, ef svo má að orði komast. Sem dæmi bauðst okkur óvænt að skoða Gamla spítalann, sem er í dag í eigu fjölskyldu sem stendur í miklum endurbótum á húsinu. Eins og áður kom fram átti Pjetur stóran þátt í byggingu sjúkrahússins og þegar ég stóð fyrir utan og virti húsið fyrir mér kom húsbóndinn út og bauð okkur í heimsókn. Eins vissi ég ekki nákvæmlega hvaða upplýsingar eða muni frá Pjetri safnið að Hnjóti hafði að geyma.

Að auki notast ég við frásagnir eins og viðtal við ömmu mína, en þar leikstýrði ég frásögninni ekki þótt ég hefði að sjálfsögðu afmarkað viðfangsefnið. *Heim í Valhöll* er í það minnsta saga sem þróast frá upphafi til enda, þar sem hefðbundin frásögn sögumanns sameinast framvindu atburðarásar sem stjórnast af tengingu kvikmyndagerðarmannsins við umfjöllunarefnið.

## Vinnuferli

### Aðdragandi

Verkefnið á sér fremur langan aðdraganda og má í raun rekja hann aftur til æsku minnar þegar ég heyrði sögurnar af Valhöll og Patreksfirði. Sem barn fór mamma, Heba Ingvarsdóttir, stundum með foreldrum sínum til Patreksfjarðar í heimsókn til ættingja og vina, en þegar hún varð eldri dvaldi hún nokkur sumur hjá Aðalsteini afa sínum í Valhöll og vann í frystihúsi. Mamma hefur alltaf talað um þennan tíma sem skemmtilegan þrátt fyrir mikla vinnu og reikar hugur hennar oft aftur til Patreksfjarðar. Við mæðgur höfðum margoft rætt hvað það gæti verið gaman að fara saman vestur og skoða söguslóðir fjölskyldunnar og var það uppsprettan að hliðarsögu myndarinnar.

Á unglingsárum komst ég að því að til væru ótal dagbækur, ljósmyndir og fleiri skjöl frá Pjetri og vissi ég að þarna væri að geyma mikinn fjölskyldufjárskóð. Það var svo í febrúar 2015 að raunveruleg hugmyndavinna fór af stað, en þá var ég stödd í námsferð á Ísafirði vegna námskeiðsins Menningar- og söguferðaþjónusta á vegum Háskóla Íslands. Við ferðuðumst bæja á milli og skoðuðum þann menningararf sem finna mátti á hverjum stað og mér varð hugsað til bókanna hans Pjeturs, hversu dýrmætar þær væru í raun og veru. Eitt kvöldið snæddum við ferðalangarnir kvöldmat með heimafólki en þar á meðal var sagnfræðingurinn Sigurður Pétursson. Í ljós kom að hann þekkti til Pjeturs og hafði jafnframt ritað sögu hans í bók sinni, *Vindur í seglum*, en þar rekur hann sögu verkalýðshreyfinga á Vestfjörðum. Þarna varð ég staðráðin í að rannsaka þær heimildir sem Pjetur skildi eftir sig og ráðast í gerð heimildamyndar.

### Rannsóknarvinna og undirbúningur

Vorið 2015 fór í að rannsaka dagbækur, ljósmyndir og önnur gögn frá Pjetri. Eins og áður kom fram höfðu afi minn og móðurbróðir tekið saman endurminningar frá Pjetri og fært yfir á tölvutækt form. Samtals voru þetta 205 handskrifaðar blaðsíður og krafðist því mikillar vinnu að skrifa upp, en útkoman var fullbúin ævisaga sem inniheldur einnig ljósmyndir og lýsingar á þeim. Þetta létti afskaplega mikið

rannsóknarvinnu mína, bæði hvað varðar upplýsingasöfnun og lestur í fíngerða og torræða handskrift Pjeturs.

Þegar rannsóknarvinnan hófst hafði ég ákveðnar hugmyndir um hvernig verkefnið og heimildamyndin yrðu uppbyggð, en gerði mér þó grein fyrir því að eftir því sem verkefnið myndi þróast gæti uppbyggingin orðið allt önnur en ég lagði upp með. Það fannst mér spennandi og ákvað því að leyfa verkefninu að flæða og sjá hvert það myndi leiða mig, það var í raun nálgunin sem ég beitti. Þetta var fyrst og fremst minn leiðangur þar sem tilgangurinn var að fræðast um fjölskyldu mína.

Leiðangurinn hófst með viðtali við ömmu mína. Næst var að undirbúa ferðina vestur um sumarið en markmiðið var að fara með mömmu á æskulóðir fjölskyldunnar og taka ferðina upp á myndband. Þeir staðir sem ég vildi skoða á Patreksfirði og tengdust Pjetri á einhvern hátt voru kirkjan, Gamli spítalinn og Valhöll. Einnig skipulagði ég ferð á minjasafnið að Hnjóti og þurfti að fá leyfi fyrir upptöku þar, en ég vissi að þar væri að finna muni frá Pjetri þótt ég hefði ekki nákvæmar upplýsingar um hvaða munir það væru.

Fyrst þurfti að finna tíma sem hentaði öllum sem komu að upptökunum á Vestfjörðum. Júlí var sá tími sem flestir voru í sumarfrí eða gátu losað sig frá vinnu til að aðstoða mig og voru dagsetningarnar valdar út frá því. Unnusti minn, Gylfi Már Sigurðsson, var minn helsti aðstoðarmaður og sá meðal annars um megnið af upptökum. Bæði hann og mamma voru í frí í júlí og reyndi ég því að skipuleggja ferlið út frá þeim tíma. Næst hafði ég samband við Önnu Stefaníu Einarsdóttur, frænku mína á Patreksfirði, til að athuga hvort hún yrði í heimabyggð í júlí en hún er nú eigandi Valhallar. Bað ég hana því um leyfi fyrir upptöku í húsinu, en þetta sumar leigði hún Valhöll út og þurfti ég því einnig að fá leyfi hjá leigjendum. Hér er vert að nefna þá ótrúlegu og skemmtilegu tilviljun að leigjandinn á þeim tíma var Halla Kristín Einarsdóttir, leiðbeinandi minn í verkefninu, svo ekki þurfti að leita langt til að biðja um leyfi. Auk þess pantaði ég myndavélar, ljós og annan tækjabúnað sem til þurfti. Búnaðinn fékk ég að láni hjá Háskóla Íslands og þurfti ég því að ganga úr skugga um að hann yrði ekki í notkun hjá öðrum nemendum á sama tíma. Þá var bara að vona að ferlið myndi ganga vel fyrir sig því það hefði orðið vandasamt að endurtaka það, ef þess hefði þurft.

## Framkvæmd og upptökur

Þau tæki ég fékk að láni hjá Háskóla Íslands voru Canon 60D upptökuvél og minniskort, batterí, kastari, þrífótur, míkrofónn og heyrnartól. Sjálf átti ég annan tækjabúnað sem notaður var, þar á meðal GoPro Hero 4, MacBook Air tölvu og harða diska. Tökurnar skipulagði ég gróflega, enda fremur erfitt að gera fullbúna áætlun um nákvæmar tukur þegar verið er að fara út í eins konar óvissu. Ég vissi við hverja ég vildi tala og hvað ég vildi skoða, en eins og fyrr segir þá vissi ég ekki hver framvinda atburðarásarinnar yrði.

Viðtalið við ömmu tók ég í byrjun sumars 2015 og var það einfaldara ferli en ferðin vestur þegar upptökur voru annars vegar, bæði vegna þess að auðvelt var fyrir okkur að finna tíma sem hentaði til upptöku, en auk þess býr amma aðeins í tæplega klukkustundar fjarlægð frá mér. Helsti undirbúningurinn var að fá tækjabúnað að láni, stilla honum upp og athuga hvernig birtan heima hjá ömmu kæmi best út í mynd.

Bílferðina vestur á Patreksfjörð tók ég upp á GoPro-vélina og er upptakan heldur hrá, til dæmis er myndefnið mikið á hreyfingu, enda ókum við marga malarvegi á leiðinni. En mér þóttu ófullkomnar upptökur við hæfi í bílferðinni þar sem útkoman átti að vera raunhæf framsetning á ferðalagi okkar. Bæði GoPro-vélin og Canon-vélin voru notaðar til upptöku í Valhöll. Það gat verið snúið að finna pláss fyrir mig, mömmu, Önnu Stefaníu, Gylfa og myndavélarnar í litla, gamla húsinu og er myndefnið eftir því. En aftur fannst mér sú aðferð henta þar sem þetta var einfaldlega könnunarleiðangur og erfitt að ætla sér óhreyft og fullkomið myndefni. Sömu sögu er að segja um leiðangurinn í gegnum safnið að Hnjóti en þar var þó auðveldara að fara hægar í tukur eða taka aftur upp ákveðið efni ef þess þurfti. Auk þess tók ég upp umhverfisefni á Patreksfirði til að eiga auka myndefni.

Í september sama ár tók ég upp myndefni fyrir utan Valhöll á Suðurgötu 39 í Reykjavík. Einnig átti ég leið norður á Akureyri og nýtti ferðina til að taka upp fyrir utan Valhöll á Bjarmastíg 1. Pjetur og María eru, eins og áður kom fram, jörðuð í kirkjugarðinum á Akureyri og þangað fór ég í júlí 2017 og myndaði leiði þeirra. Við þessar upptökur notaði ég GoPro-vélina.

Í mars 2018 fór ég á Borgarskjalasafn Reykjavíkur og tók meðal annars myndir af endurminningum Pjeturs sem eru þar varðveittar. Heima tók ég upp myndefni af dagbókum Pjeturs og fleiri skjölum. Auk þess tók ég upp ýmislegt aukaefni á þeim tíma sem ég vann að verkefninu, til dæmis af ströndinni á Garðskaga sem ég svo notaði sem upphafsefni í myndinni.

## **Áskoranir, eftirvinnsla og eftirfylgni**

Samkvæmt grófri verkáætlun átti verkefninu upphaflega að vera lokið haustið 2015 en eins og oft vill verða tók áætlunin allnokkrum breytingum með tímanum. Það felur í sér heilmikla vinnu að gera heimildamynd upp á eigin spýtur, án fjármagns og hóps kvikmyndagerðarfólks, jafnvel þótt myndin sé ekki í fullri lengd. Þar að auki gat verið erfitt að vera í fullu starfi samhliða náminu. Því er óhætt að segja að mín helsta áskorun hafi verið tímaleysi. Vorið 2016 stóðum við Gylfi í íbúðarkaupum og eignuðumst okkar fyrsta barn í maí sama ár, svo ég ákvað að fresta verkefninu um óákveðinn tíma. Tímalínan lengdist því talsvert, eða frá hausti 2015 til vorsins 2018.

Eins og áður kom fram var nokkur áskorun að finna tíma til upptöku sem hentaði öllum þeim sem að henni komu. Upptökurnar gengu nokkuð vel fyrir sig, ég þurfti að læra á Canon-vélina og átti stundum í erfiðleikum með fókusinn. Eftir á að hyggja hefði ég einnig stillt viðtalinu við ömmu öðruvísi upp, á öðrum stað heima hjá henni með annað sjónarhorn fyrir aftan hana. Þegar á upptökum stóð var ég upptekin af því að hafa ekkert í bakgrunni sem gæti mögulega truflað áhorfendur, en það hefði í sjálfu sér orðið heimilislegra.

Áður en ég hófst handa við gerð myndarinnar *Heim í Valhöll* hafði ég unnið nokkur verkefni þar sem ég sá alfarið um eftirvinnslu og þekkti því ágætlega til helstu eftirvinnsluforrita. Final Cut Pro X varð fyrir valinu fyrir þetta verkefni og fjárfesti ég í því til þess að geta unnið heima hjá mér. En þrátt fyrir að ég hafi ágætan grunn í eftirvinnslu getur þetta verið afskaplega tímafrekt ferli og erfitt að þurfa að slíta sig reglulega frá til að sinna vinnu, fjölskyldu og heimili. Í þessu fólst mikil áskorun þar sem ég afkasta mest þegar ég fæ algjöran vinnufrið og næ að einbeita mér að efninu.



Loks ber að nefna að ég hafði samband við Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fékk í formi ljósmynda, þar sem safnið varðveitir allar myndir Pjeturs. Einnig fékk ég leyfi hjá Ljósmyndasafni Skagastrandar til að nota nokkrar ljósmyndir í eigu þess.

Markhópur myndarinnar er ef til vill ekki stór, en undir hann heyra þeir sem áhuga hafa á gömlum ljósmyndum, íslenskri sögu og upphafi sjávarútgerðar á Íslandi. Mikilvægasti markhópurinn er fjölskylda mín, sem og Patreksfirðingar. Verkefnið vann ég með það að leiðarljósi að ljúka meistaranámi mínu í hagnýtri menningarmiðlun, en ég setti mér það aukamarkmið að senda myndina á Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildamynda, sem haldin er á Patreksfirði. Mér tókst að senda inn umsókn en það var á afmælisdag Pjeturs, 1. maí, að mér bárust fréttir af því að myndin hefði verið valin til sýningar á hátíðinni. Hátíðin verður haldin 18.-20. maí næstkomandi og er ég viss um að Pjetur verði með mér í anda á sýningunni.

## Lokaorð

Fyrir þremur árum lagði ég af stað í vegferð sem ég átti von á að tæki hálf ár. Markmiðið var ekki aðeins að fá meistaraþrófsskírteini í hendurnar, heldur einnig að fræðast um langalangafa minn, Pjetur, og komast að því hvað veldur því aðdráttarafli sem Valhöll virðist hafa. Þarna grundvallast rannsóknarspurningin sem ég lagði fyrir í upphafi greinargerðarinnar, en spurningin var tvíþætt: Hver var langalangafi minn, Pjetur A. Ólafsson, og hvað er það við Valhöll sem situr svo fast í minningu fjölskyldu minnar?

Ég hafði heyrt margar sögur af Pjetri og Valhöll í gegnum árin en það var ekki fyrr en ég hóf rannsóknina fyrir verkefnið að ég gerði mér fyllilega grein fyrir afrekum hans og hversu mikilvægar heimildir hann skildi eftir sig. Pjetur var mikill athafnamaður og ævi hans einkenndist af þrautseigju, krafti, framtakssemi og ævintýrum. Yfir ævina starfaði Pjetur sem útgerðarmaður, kaupmaður og konsúll og sat í ýmsum nefndum. Á seinni árum fékkst hann við síldarútgerð og hvalveiðar auk þess sem hann ferðaðist víða um heiminn. Pjetur var stórtækur og lét mikið til sín taka, hann var nýjungagjarn og beitti sér í ýmsum framförum sem ekki þekktust á þeim tíma er hann lifði. Þær heimildir sem hann gaf sér tíma til að skrásetja fyrir ókomna tíð eru vægast sagt mikill fjársjóður. Dagbækurnar, skjölin og allar ljósmyndirnar sem hann skildi eftir sig gefa dýrmæta innsýn í lifnaðarhætti Íslendinga í kringum aldamótin 1900. Einnig áttaði ég mig á því að Valhöll er ekki aðeins hús sem hýsti ættingja mína á Patreksfirði, heldur eins konar sameiningartákn sem sameinar arfleið og ætliði fjölskyldunnar.

Miðlunarleiðin sem ég valdi fyrir verkefnið er heimildamynd, einkum vegna þess að það er sá vettvangur sem býður upp á sameiningu annarra miðlunarforma, til dæmis ljósmyndir, munnlegar frásagnir og hreyfimyndir. Einnig hefur heimildamyndin þann eiginleika að varðveita heimildir sem annars myndu jafnvel glatast með tímanum og þar af leiðandi þótti mér heimildamyndin kjörin miðlunarleið fyrir verkefnið, enda vildi ég fyrst og fremst varðveita sögu Pjeturs áður en hún hverfur í tímans rás.

Gerð myndarinnar *Heim í Valhöll* var krefjandi en umfram allt lærdómsrík og skemmtileg. Nálgunin sem ég beitti við kvikmyndagerðina var fyrst og fremst að leyfa framvindu atburðarásar að þróast og sjá hvert hún myndi leiða mig.

Undanfarin þrjú ár hafa oft og tíðum verið erfið því það getur tekið á að hafa óklárað nám á bakinu, en eftir á að hyggja hefði ég ekki viljað fara þennan leiðangur á hraðferð og klára á hálfu ári eins og til stóð í upphafi. Fyrir mér var þetta ekki aðeins námsverkefni heldur hafði það persónulega þýðingu og vildi ég því gefa mér nægan tíma og vanda til verksins, því meginmarkmiðið var alltaf að tileinka ömmu minni útkomuna.

## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

#### Einkaskjöl (E.)

Pjetur A. Ólafsson, Endurminningar.

### Prentaðar heimildir

Benedikt Jóhannesson, Eyþór Ívar Jónsson, Ólafur Hannibalsson og Sigurður Jóhannesson, „Glefsur úr viðskiptasögu Íslands“, *Vísbending. Vikurit um viðskipti og efnahagsmál* 18: 51 (2000), bls. 28-54.

*Documenting the Documentary. Close Readings of Documentary Film and Video.* Ritstjórar Barry Keith Grant and Jeannette Sloniowski. (Detroit: Wayne State University Press 1998).

Dr. Fallier, „Établissements Hospitaliers en Islande“, *Archives de Médecine Navale*. 79. bindi. Ritstjóri Octave Doin. París 1903, bls. 161-175.

Guðjón Friðriksson, „Pétur A. Ólafsson (1870–1949)“, *Þeir settu svip á öldina. Íslenskir athafnamenn I*. Ritstjóri Gils Guðmundsson. (Reykjavík: Iðunn 1987).

Inga Lára Baldvinsdóttir, „Svipmyndir af landi og þjóð: Myndefni 1750–2000“, *Hlutavelta tímans*. Ritstjórar Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 2004), bls. 313-321.

*Íslendingur* 35: 20 (1949), bls. 1 og 3.

*Morgunblaðið* 1998.

Mulvey, Laura, „Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin“. Þýðandi Heiða Jóhannsdóttir. *Áfangar í kvikmyndafræðum*. Ritstjóri Guðni Elísson. (Reykjavík Forlagið 2003), bls. 330–341.

Nichols, Bill, *Introduction to Documentary*. (Bloomington: Indiana University Press 2010).

Sara Elísabet Haynes, „Kvenhetjur Quentin Tarantino: Birtingarmyndir kvenna í kvikmyndum leikstjórans“, BA-ritgerð í kvikmyndafræði (Reykjavík: Háskóli Íslands 2014).

Sigurður Pétursson, *Vindur í seglum. Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum. 1. bindi 1890–1930*. (Ísafjörður: Alþýðusamband Vestfjarða 2011).

Sigurður Pétursson, *Vindur í seglum. Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum. 2. bindi 1931–1970*. (Ísafjörður: Alþýðusamband Vestfjarða 2014).

*The Documentary Tradition*. 2. útgáfa. Ritstjóri Lewis Jacob. (New York: W.W. Norton 1979).

*Theorizing Documentary*. Ritstjóri Michael Renov. (New York: Routledge 1993).

## Vefheimildir

Vef. Myndir Pjeturs A. Ólafssonar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, <http://ljosmyndasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-Heim/Ljosmyndasafn/Petur%20A%20Olafsson/>, sótt 19. september 2017.

Vef. Saga Óskarsverðlauna, <http://www.oscars.org/academy-story/1940--1949>, sótt 8. október 2017.

## Viðauki

Upphafleg verkáætlun fyrir verkefnið.

2015	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október
Hugmyndavinna og rannsókn									
Undirbúningur									
Viðtal við ömmu									
Upptökur fyrir vestan									
Eftirvinnsla									
Greinargerð									
Lokaskil									